

Efni: Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál

Við er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um ofangreint þingmál.

Heimildir bændum til handa um skipulagt samstarf í sölu mjólkur og mjólkurafurða eiga sér 80 ára sögu. Bændur eru margir og smáir í hlutfalli við markaðinn. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um samkeppni á dagvörumarkaði (nr. 1/2015) kemur jafnframt fram að samþjöppun á smásölumarkaði hafi aukist síðustu ár. Í sömu skýrslu segir enn fremur að fyrirtæki á smásölumarkaði hafa ekki farið eftir tilmælum Samkeppniseftirlitsins um að viðskiptasamningar séu skriflegir, þrátt fyrir að mælst hafi verið til þess í meira en áratug. Í raun virðist ljóst að engar aðgerðir ná að tryggja að breytingar á verði til framleiðenda skili ávinningi til neytenda heldur verður hann eftir á þeim sölustigum sem eru á milli bænda og neytenda.

Við þessar aðstæður er lykilatriði að bændur geti starfað saman að afurðasölumálum. Það tryggir jafna stöðu framleiðenda. Gríðarleg stærðarhagkvæmni er í að hafa söfnun, birgðastýringu, vinnslu og dreifingu í einni einingu. Ísland er afar lítill markaður og framleiðslan svo dreifð að þrátt fyrir mikla samþjöppun í vinnslu næst hvergi nýting fastafjármuna (og þar með lægri kostnaður til neytenda) í samanburði við það sem gerist í öðrum löndum. Uppbrot á þessari starfsemi myndi leiða af sér mikla óhagkvæmni sem endar sem kostnaður hjá neytendum. Undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum er eðlilega ekki skilyrðislaus, enda hefur hefur hann ekki sjálfðæmi um verðlagningu afurða. Hagræðingu hefur verið skilað til neytenda. Bændasamtökin telja langt því frá sjálfgefið að afnám þeirra undanþága frumvarpið leggur til að verði felldar úr gildi skili sér í aukinni hagkvæmni og verði bændum og neytendum til heilla.

Rétt er jafnframt að vekja athygli á nokkrum atriðum til viðbótar úr skýrslu Samkeppniseftirlitsins:

- Verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur ekki fylgt gengisþróun, sérstaklega undangengin tvö ár.
- Er því ljóst að sú ályktun sem dregin var í skýrslu nr. 1/2012, um að verðhækkun hefði ekki verið meiri eftir hrun en sem næmi m.a. gengisfalli íslensku krónunnar, á ekki lengur við með sama hætti.
- Samkvæmt upplýsingum um arðsemi skráðra dagvörusmáala (e. grocery retailers) erlendis er meðalarðsemi eigin fjár um 13% í Evrópu og um 11% í Bandaríkjunum samanborið við 35%-40% hér á landi. Þessar tölur gefa til kynna að arðsemi stærstu íslensku verslanasamstæðanna sé mjög góð í alþjóðlegum samanburði og svigrúm þeirra til að skammta sér hagnað meiri.

Það er því ljóst að ekki hefur tekist að tryggja samkeppni á dagvörumarkaði hérlendis, þrátt fyrir að viðleitni til þess um langt árabíl. Bændasamtökin taka undir nauðsyn þess að stuðla að samkeppni á dagvörumarkaði, en benda um leið á að það er ólíklegt að þær tillögur um

breytingar á starfsskilyrðum landbúnaðarins sem frumvarpið leggur til geri annað en að auka þá fákeppni sem þegar ríkir. Breytingarnar eru einfaldlega líklegastar til að auka enn völd þeirra þriggja verlanakeðja sem nú þegar eru þar ráðandi um leið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson